

HAUKUR HARÐARSON

VERKFÆRAKISTA MATSAÐILA VIÐ RAUNFÆRNIMAT



Haukur Harðarson

Í umræðum og kynningu á raunfærnimati eru tvær spurningar sem oftast en ekki er varpað fram: Er ekki erfitt að greina hvort sá sem fer í mat hafi þá þekkingu sem krafist er og er hægt að treysta niðurstöðunni?

Það verður að segjast eins og er að oft gengur illa að sannfæra þá sem spyrja að í flestum tilvikum sé frekar einfalt að greina þekkingu og því hægt að treysta niðurstöðunni. Eftir að hafa rætt við fjölda matsaðila og setið mörg matsviðtöl leikur enginn vafi á því í huga greinarhöfundar hver svörin við þessum spurningum eru. Efasemdir þeirra sem ekki hafa komið með beinum hætti að raunfærnimatsverkefnum eru þó skiljanlegar.

Á þeim stutta tíma, sem raunfærnimat hefur viðgengist, hefur aðferðafræðin þróast. Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir með hvaða hætti sú þróun hefur orðið og hvaða verkfæri hafa bæst við eða eru á leiðinni í verkfærakistuna.

Við þróun á raunfærnimati hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins byggt á þeirri þróun sem orðið hefur í Evrópu, þ.á m. *European guidelines for validating non-formal and informal learning* sem hafa verið í þróun hjá Cedefop frá árinu 2004. Árið 2009 kom út endurbætt útgáfa af þessum viðmiðunarrammaum framkvæmd raunfærnimats. Þar er m.a. lögð áhersla á að matstæki verði að taka mið af því sem meta á.

Matstæki geta því verið mismunandi eftir starfsgreinum og eftir því hvaða fög innan viðkomandi starfsgreinar á að meta. Þegar námið, sem meta á, hefur verið skilgreint er hægt að fá betri sýn á hvaða mælitæki þjónar best tilgangi matsins. Tækið þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Lögmæti – tækið verður að mæla það sem því er ætlað að mæla.
- Áreiðanleiki – yrði niðurstaðan sú sama við endurtekið mat við sömu aðstæður?
- Sannngirni – hversu laus er niðurstaða matsins við hlutdrægni og fordóma (út frá samhengi, menningu og persónum)?
- Vitræn umgjörð – gerir tækið fagaðilanum kleift að meta breidd og dýpt þeirrar færni sem einstaklingurinn býr yfir?
- Þjóni tilgangi – tryggja þarf að tilgangur matstækisins fari saman við það sem á að mæla.

Sjá nánari lýsingar í *European Guidelines for the Validation of Non-formal and Informal Learning*, 2009.

Þegar matsaðili er beðinn um að lýsa upplifun sinni af raunfærnimati hefur svarið oftast en ekki verið í þessum dúr: *Ef þekkingin er til staðar þá verður raunfærnimat meira eins og samtal tveggja fagmanna. Það er auðvelt að greina hvort það er innstæða fyrir því sem sagt er.* Svarið er lýsandi og hefur reynst vel við að lýsa raunfærnimati fyrir tilvonandi matsaðila.

Þau matstæki, sem mest hafa verið notuð hér á landi, eru færnimappa, sjálfsmat á móti settum viðmiðum og samtal milli matsaðila og þess sem kemur í mat. Vinsælt er að nota hjálpartæki eins og rissblöð, myndir eða hluti sem tengjast viðkomandi námsþætti.

Jón Eiríkur Guðmundsson, kennari við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins, hefur komið að námskeiðum FA um raunfærnimat. Hlutverk hans þar hefur verið að lýsa þeim aðferðum, sem hann beitir, til að kanna hvort þekking er til staðar. Hann tekur gjarnan dæmi um áfangann TIH110 – timburhús. Hér er um að ræða tíu eininga áfanga sem spannar breitt svið. Jón Eiríkur segist byrja á því að teikna grunn af húsi á blað. Síðan er timburhúsið smíðað með kroti og krassi, algengar spurningar frá Jóni eru: *Hvaða efni ertu að nota þarna? Af hverju ferðu þessa leið? Hvað gerist ef ekki er hugað að ...?* Eitt af því mikilvægasta er þó að hans mati að fá þann sem kemur í mat til að slaka á. Stundum eru einstaklingar taugaóstyrkir í upphafi en ef hægt er að skapa traustan grundvöll að samtalinu verður það mun liprara.

Raunfærnimat á móti námsskrám á Íslandi hefur á undanförunum árum einkum snúist um fagþætti iðngreina. Það hefur komið nokkuð á óvart að matsaðilar hafa í flestum tilvikum talið að færnimappa ásamt samtali með hjálpar-

tækjum gefi góða mynd af þekkingu þess sem fer í mat. Færnimappa, sjálfsmat og matssamtal virðist því í flestum tilvikum nægja til að meta stöðu viðkomandi. Ekki reynist þörf á að viðkomandi sýni fram á þekkingu sína með framkvæmd nema í undantekningartilvikum. Í mörgum tilvikum er þó farið að blanda saman samtali og framkvæmd, þ.e. hlutir sem tengjast starfsgreininni eru til staðar þegar samtalið fer fram og matsþegar m.a. bednir um að sýna beitingu verkfæra eða tækja.

Við framkvæmd raunfærnimats í nýjum greinum hefur þörfin fyrir ný verkfæri komið í ljós. Í auknum mæli er farið að meta það sem við í daglegu tali nefnum persónulega færni. Þar nýtist vel sú reynsla sem varð til við þátttöku FA í Evrópu-verkefninu „Value of work“ sem á Íslandi snerist um að meta raunfærni þjónustufulltrúa í bönkum. Þar fólust færni viðmið að hluta til í persónulegri færni.

Hér á eftir eru nokkur dæmi um verkfæri sem verið er að vinna með, sum þeirra hafa verið notuð áður en önnur eru ný af nálinni.

SKIMUN

Markmiðið með skimun er að auðvelda greiningu á því hverjir eiga erindi í raunfærnimat í viðkomandi starfsgrein. Skimun fer fram í fyrsta viðtali hjá ráðgjafa og byggist á almennum spurningum sem tengjast því raunfærnimati sem fyrirhugað er.

Gögnum úr skimun er bætt við framlögð gögn um starfsreynslu og aldur. Skimun gerir þær kröfur til ráðgjafa að hann kynni sér lauslega þau færni viðmið sem miðað verður við í raunfærnimatinu og geti í framhaldi af skimun og skoðun gagna ráðlagt viðkomandi um hvort hann eigi erindi í raunfærnimat. Ráðgjafi verður þó í öllum tilvikum ráðgefandi en fer aldrei í hlutverk matsaðila.

RAUNDÆMI

Með aukinni áherslu á að meta persónulega færni hefur notkun raundæma færst í vöxt. Raundæmi felast í lýsingu á aðstæðum þar sem viðkomandi þarf að lýsa og útskýra viðbrögð sín og hvaða lausnum hann sjái fram á að geta beitt. Raundæmi þurfa að vera sveigjanleg og þó dæmið

um erfiðan viðskiptavin geti átt við í öllum þjónustugreinum þarf að aðlaga dæmin þeim aðstæðum sem eiga við í hvert skipti. Því hefur í stöku verkefnum verið búinn til grunnur að raundæmum sem matsaðilar sjá síðan um að breyta eftir þörfum þeirra sem koma í mat.

Raundæmi nýtast vel sem tæki til að meta bæði faglega þekkingu og persónulega færni. Einn helsti kostur þeirra er að hægt er fá mynd af þekkingu á báðum sviðum með sama raundæminu.

MYNDIR

Myndir geta verið mjög lýsandi fyrir aðstæður. Þær nýtast því vel sem hjálpartæki í raunfærnimati, bæði til að lýsa hlutum sem vel eru gerðir og því hvað betur mætti fara. Til dæmis getur mynd úr matvöruverslun verið tæki sem nýtist til að styðja við umræður eða raundæmi. Einnig eru myndir notaðar til að kanna orðaforða í erlendum málum og hjálpartæki til að kanna þekkingu á vörum og merkingum á vörum.

VINNUSTAÐAHEIMSÓKNIR

Gert er ráð fyrir að hluti af raunfærnimati í Verslunarfagnámi (verkefni í þróun hjá FA, Mími, Visku og Símei í samstarfi við Fagråd verslunar- og þjónustugreina) fari fram með vettvangsheimsóknnum í verslanir. Markmiðið með þessum vettvangsheimsóknnum er að tengja samtal matsaðila og þess sem er í mati við daglegar aðstæður í vinnu. Þannig er vonast til að samtalið verði innihaldsríkara og auðveldi þeim sem fer í mat að koma þekkingu sinni á framfæri.

FORM TIL AÐ SKRÁ NIÐURSTÖÐU MATSAÐILA

Raunfærnimat hefur öðlast lagastöð með nýjum lögum um framhaldsfræðslu. Þar með eykst krafan á matsaðila að halda til haga niðurstöðum um árangur einstaklinga. Réttur einstaklings til að fá rökstuðning fyrir niðurstöðum er ótvíræður og mikilvægt að auðvelda matsaðilum að halda utan um gögn. Því er verið að gera prófanir með töflu í töflureikni þar sem mismundi vægi er lagt á einstaka þætti. Eftir raunfærni-

Tafla 1. Dæmi um matsblað í raunfærnimati

Heild	0 - 20	21 - 40	41 -60	61 - 80	81 - 100	Einkunn (vægi 4)	
Heildarmat á frammistöðu.	Lítill sem engin skilningur.	Skilningur lítill og grunnur.	Skilningur fyrir hendi en skorti á ýmsa þætti.	Heildarskilningur góður. Reynsla viðkomandi fyrir hendi og kom fram í matinu.	Mjög góður skilningur og itarleg þekking til staðar.	100	
Dýpt þekkingar	0 - 20	21 - 40	41 -60	61 - 80	81 - 100	Einkunn (vægi 2)	
Er skilningur djúpur eða grunnur?	Lítill sem engin dýpt.	Nokkur dýpt á einstökum þáttum.	Nokkur dýpt og hún náði yfir fleiri þætti en færri.	Góð almenn dýpt yfir flesta þætti.	Mjög góð dýpt yfir 90% þátta.	100	
Breidd þekkingar	0 - 20	21 - 40	41 -60	61 - 80	81 - 100	Einkunn (vægi 2)	
Nær þekking yfir alla þætti eða er hún einskorðuð við hluta?	Breidd lítill sem engin.	Lítill breidd og ekki á áherslupáttum.	Breidd sæmleg. Náði til áherslupátta.	Góð breidd yfir flesta þætti.	Mjög góð breidd náði yfir 90%+.	100	
Einkunn fyrri hluta mats verður að ná að minnsta kosti 4						Einkunn fyrri hluti	10.00
Trúverðugleiki	0 - 20	21 - 40	41 -60	61 - 80	81 - 100	Einkunn (vægi 1)	
Tilfinning matsaðila fyrir þekkingu og hvernig hún var sett fram.	Ekki trúverðugt og meira eins og það væri verið að giska á niðurstöðu.	Lítill trúverðugleiki.	Nokkur trúverðugleiki en átti í nokkrum erfiðleikum með skýringar.	Góður trúverðugleiki. Góð rök og tengingar sem styrktu rök.	Mjög góður trúverðugleiki og sterkar tengingar sem byggðu undir niðurstöðu.	100	
Reynsla	0 - 20	21 - 40	41 -60	61 - 80	81 - 100	Einkunn (vægi 1)	
Tenging viðkomandi við sinn reynsluheim.	Litlar sem engar tengingar.	Fáar tengingar og ekki sterkar.	Fram komu tengingar sem studdu svör.	Góðar tengingar sem studdu vel við svör.	Mjög mikið vitnað í reynslu og nýttust viðkomandi mjög vel.	100	

Einkunn fyrri hluti 10.00

Einkunn seinni hluti 10.00

10.00

Reikniaðferð: $((\text{Heildarmat} \times 4) + (\text{dýpt} \times 2,0) + (\text{breidd} \times 2,0) + (\text{trúverðugleiki} \times 1) + \text{reynsla} \times 1) / 100 = \text{Heildareinkunn}$

mat fyllir matsaðili út töfluna og er ávinningurinn með því tvíþættur. Annars vegar er tryggt að mat sé lagt á aðskilda þætti (dýpt og breidd þekkingar, trúverðugleika o.s.frv.) og hins vegar er haldið utan um niðurstöður og þar með er rökstuðningur auðveldaður ef óskað er eftir honum.

UPPFÆRSLA Á HANDBÓK FYRIR MATSAÐILA

Síðastliðið sumar vor lokið við að uppfæra handbók fyrir matsaðila. Fyrsta útgáfan kom út 2008 en útgáfan 2010 tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur síðan, auk þess sem nú er meira af beinum tilvitnunum í einstaklinga sem lokið hafa raunfærnimati. Ritið er 33 síður að lengd og hefur nýst þeim aðilum sem koma að raunfærnimati vel, hvort sem um er að ræða fagaðila, ráðgjafa eða verkefnastjóra.

OBSERVAL GAGNABANKI UM RAUNFÆRNIMAT

Í október 2010 var opnaður gagnabanki um mat á óformlegu námi og raunfærni í Evrópu. Í bankann hefur verið safnað gögnum sem tengjast raunfærnimati auk þess sem þar er að finna lýsingar á stöðu raunfærnimats í hverju landi. Þangað er líka hægt að sækja talsvert magn af reynslusögum (cases) sem margar eru áhugaverðar fyrir þá aðila sem koma nálægt raunfærnimati. Einnig er hægt að leita eftir efni í leitarvél bankans. FA var þátttakandi í verkefninu fyrir Íslands hönd. OBSERVAL observatory er að finna á vefsíðunni <http://www.observal.org/observal/>.

LOKAORÐ

Stöðugt bætist í verkfærakistuna og ekki er gert ráð fyrir að lát verði á næstu árin. Raunfærnimat er í örri þróun í Evrópu og víðar en staðan er mjög misjöfn eftir löndum. Í sumum Evrópulandanna er raunfærnimat orðið hluti af lagaumhverfi og hefur fest sig í sessi en er aðeins á umræðustigi í öðrum löndum. Þá er áhugavert að sjá með hvaða hætti raunfærnimat þróast í einstökum löndum. Þó *evrópski viðmiðaramm-inn* leggi línurnar veitir hann einnig svigrúm til að taka tillit til aðstæðna og menningu viðkomandi þjóðar. Sviðið tekur því örum breytingum og mikilvægt er að fylgjast með hvaða aðferðir eru að reynast best. Af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur verið lögð áhersla á aðkomu hagsmunaaðila, gæði, kostnaðargreiningu og skýran tilgang.

UM HÖFUNDINN

Haukur Harðarson starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og helstu verkefni hans tengjast raunfærnimati. Haukur er með meistarapróf í bifvélavirkjun og starfaði við þá iðngrein í rúmlega 15 ár. Að því loknu tók hann við formennsku og framkvæmdastjórn hjá stéttarfélagi bílgreina og blikksmíða. Haukur hefur að baki áralanga reynslu á sviði fullorðinsfræðslu, hann starfaði hjá Mímisímenntun í mörg ár, mest við þróunarvinnu, kennslu og markað- og kynningarmál.